

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/1843**

2017/EES/48/07

frá 18. október 2016

**um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar faggildingu opinberra rannsóknarstofa sem annast opinberar prófanir vegna tríkínu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 63. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um umtalsverðar breytingar á reglum og verklagsreglum við opinbert eftirlit. Hún tók gildi frá og með 1. janúar 2006. Það hefði þó í vissum tilvikum valdið erfiðleikum í framkvæmd ef sumum þeirra reglna og verklagsreglna, sem þar var mælt fyrir um, hefði verið beitt þegar frá þeim degi.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er þess krafist að rannsóknarstofur, sem annast greiningu sýna sem tekin eru við opinbert eftirlit, séu faggiltar í samræmi við tiltekna Evrópustaðla sem þar er getið um. Hins vegar er í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/2013 <sup>(2)</sup> kveðið á um tiltekna umbreytingarráðstafanir, þ.m.t. undanþágu frá umræddri kröfu fyrir rannsóknarstofur til að koma megi á hnökralausri umbreytingu yfir í fulla framkvæmd nýju reglnanna og verklagsreglnanna. Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 702/2013 gildir til 31. desember 2016.
- 3) Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júlí 2009 til Evrópuþingsins og ráðsins um reynsluna af beitingu hollustuháttareglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 <sup>(3)</sup> „hefur það að markmiði að sýna á raunsannan hátt þá reynslu sem fengist hefur, þ.m.t. þá erfiðleika sem upp komu, af framkvæmd hollustuháttapakans hjá öllum hagsmunaaðilum á árunum 2006, 2007 og 2008“ („skýrslan“).
- 4) Í skýrslunni er m.a. farið yfir reynsluna af umbreytingarráðstöfunum, þ.m.t. þeim sem kveðið var á um í reglugerð (EB) nr. 882/2004. Í skýrslunni kemur fram að erfiðleikar halda áfram að vera til staðar að því er varðar faggildingu rannsóknarstofa í sláturhúsum.
- 5) Hinn 6. maí 2013 samþykkti framkvæmdastjórnin tillögu um reglugerð frá Evrópuþinginu og ráðinu um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði, fjölgunarefni plantna og plöntuverndarvörur <sup>(4)</sup> sé beitt. Í þeirri tillögu er kveðið á um að reglugerð (EB) nr. 882/2004 verði felld úr gildi og kveðið á um hugsanlega undanþágu frá faggildingu opinberra rannsóknarstofa sem sinna því hlutverki einu að greina tríkínu í kjöti.
- 6) Því skal í þessari reglugerð kveða á um frekari umbreytingarráðstafanir meðan þess er beðið að Evrópuþingið og ráðið samþykki hina nýju reglugerð.
- 7) Rétt er því að setja ákvæði um frekara umbreytingartímabil þar sem viðkomandi umbreytingarráðstafanir, sem er sem stendur mælt fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 702/2013, gilda áfram.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 702/2013 frá 22. júlí 2013 um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar faggildingu opinberra rannsóknarstofa sem annast opinberar prófanir vegna tríkínu og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2009 (Stjttíð. ESB L 199, 24.7.2013, bls. 3).

(3) COM(2009) 403, lokagerð.

(4) COM(2013) 265, lokagerð.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna beitingar reglugerðar (EB) nr. 882/2004 á umbreytingartímabili sem stendur frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2020.

*2. gr.*

Þrátt fyrir 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 getur lögbært yfirvald tilnefnt rannsóknarstofu, sem framkvæmir opinberar prófanir vegna tríkínu og staðsett er í sláturhúsi eða starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr, að því tilskildu að rannsóknarstofan, þó að hún hafi ekki faggildingu í samræmi við Evrópustaðlana sem um getur í a-lið þeirrar málsgreinar, veiti lögbæra yfirvaldinu fullnægjandi ábyrgðir fyrir því að áætlanir um gæðastjórnun vegna greininganna, sem hún framkvæmir á sýnum vegna opinbers eftirlits, liggi fyrir.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2017 til og með 31. desember 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*